

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 292, 25. júní 1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu á samþykkt um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupstað.

Í samræmi við beiðni bæjarráðs Dalvíkurbyggðar staðfestir ráðuneytið hér með samþykkt bæjarráðs frá 16. mars 2000 um niðurfellingu á samþykkt um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupstað nr. 420 15. nóvember 1977.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

1. gr.

Gildissvið.

Þeir sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu, þar með taldar bráðabirgðalöggildingar, skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Ábyrgðarmaður mælitækis er eigandi þess eða sá sem hann tilnefnir.

B-faggilding þjónustuverkstæða á sviði löggildinga er faggilding sem framkvæmd er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 354/1997 um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingum. Það eru verkstæði sem annast bráðabirgðalöggildingar í umboði Löggildingarstofu.